

Til viðbótar við gjöldin í	7. gr.	eru veittar	kr.	
Til viðbótar við gjöldin í	7. gr.	eru veittar	kr.	1 346 077.17 14
— — — —	- 10. — I.	— —	—	924 600.43 9. febr.
— — — —	- 10. — II.	— —	—	36 129.49
— — — —	- 10. — III.	— —	—	1 066 713.57
— — — —	- 11. — A.	— —	—	2 970 965.35
— — — —	- 11. — B.	— —	—	444 464.15
— — — —	- 11. — C.	— —	—	1 186 897.63
— — — —	- 11. — D.	— —	—	469 903.40
— — — —	- 12. —	— —	—	1 751 500.68
— — — —	- 13. — A.	— —	—	6 197 187.35
— — — —	- 13. — C.	— —	—	122 723.69
— — — —	- 14. — A.	— —	—	937 964.59
— — — —	- 14. — B.	— —	—	5 118 357.80
— — — —	- 15. — A.	— —	—	227 566.44
— — — —	- 16. — A.	— —	—	2 582 418.53
— — — —	- 16. — B.	— —	—	27 650.48
— — — —	- 16. — C.	— —	—	6 000.00
— — — —	- 17. —	— —	—	4 011 132.58
— — — —	- 18. —	— —	—	1 437 320.66
— — — —	- 19. — 1.	— —	—	25 135 939.53
— — — —	- 19. — 2.	— —	—	4 189 419.35

 Kr. 71 480 242.52

 Til eignaaukningar samkv. 20. gr. Út eru veittar — 55 008 438.60
 20. gr. Inn fór kr. 80 815 208.81 fram úr fjárlagaáætlun.

 Kr. 126 488 681.12

Gjört að Bessastöðum, 9. febrúar 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 65 19. júní 1933, um varnir gegn því,
að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

15
9. febr.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

23. gr. laganna orðist svo:

Fyrir venjulegt sóttvarnareftirlit samkvæmt lögum þessum skal greiða af skipum, sem ekki ná 60 smálestum, 40 krónur, sem eru frá 60 upp að 100 smálestum, 60 krónur, og 100 krónur af skipum, sem eru yfir 100 smálestir, auk kostnaðar við flutning sóttgæzlumanns út í skipið.

Gjöld þessi renna í sérstakan sjóð, sóttvarnarsjóð, er vera skal í vörzlum fjármálaráðherra, og skal birta reikninga sjóðsins árlega í B-deild Stjórnartíðinda.

15

9. febr.

a-liður 24. gr. laganna orðist svo:

Skipið skal ávallt greiða gjald það, sem nefnt er í 23. gr., svo og kostnað við flutning út í skipið og í land aftur. Einnig aukreitis jafnhátt gjald til læknis fyrir skoðunargerð hans, ef hann er tilkvaddur samkvæmt lögum þessum, enn fremur fyrir ferð hans eða ferðir út í skipið samkvæmt gjaldskrá héraðslækna, svo og flutningskostnað hans og dagpeninga samkvæmt sömu gjaldskrá, ef þörf gerist að hann sé sóttkvíaður vegna skoðunargerðarinnar, þangað til þeirri sóttkviun er lokið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 9. febrúar 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

16

9. febr.

L Ö G

um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Akureyrar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Bæjarstjórn Akureyrar lætur mæla allar lóðir og lönd innan takmarka kaupstaðarlóðar Akureyrar og gera nákvæman uppdrátt af þeim.

Það, sem ákveðið er í eftirfarandi greinum um lóðir, gildir einnig um önnur lönd í kaupstaðarlóðinni.

2. gr.

Mælikvarði uppdráttarins skal ekki vera minni en 1:500. Skal uppdrátturinn sýna greinilega takmörk hvernar lóðar og afstöðu til nágrannalóða og grunnflöt húsa þeirra og mannvirkja, sem á lóðinni eru.

3. gr.

Bæjarstjórnin felur verkfræðingi eða ræður mann til að mæla lóðirnar og gera uppdrátt af þeim. Mælingamanni og aðstoðarmönnum hans er frjáls umferð um lóðir manna, meðan á mælingunni stendur, og skulu eigendur lóða eða umboðsmenn þeirra skyldir að láta þeim í té þær upplýsingar, er þeir æskja og þurfa til þess að geta framkvæmt starf sitt.

Áður en mælingamaður ákveður merki lóðar, skal hann gera eiganda hennar eða umboðsmanni hans, svo og eigendum nágrannalóða eða umboðsmönnum, ef kunnugt er um þá, enda séu þeir heimilisfastir á Akureyri eða þar staddir, viðvart með 3 sólarhringa fyrirvara um það, hvenær merki verði ákveðin. Er þeim rétt að sækja merkjastefnu, er halda skal á lóðinni, og segja mælingamanni til um lóðamörk. Ef menn verða ásáttir um lóðamörk, getur mælingamaður þess í dagbók sinni, enda er hún og þá lóðamerkjabók, ef þeim ber saman, lögsönnun fyrir stærð og legu lóðar.